

**Ályktun samstarfsnefndar um málefni aldraðra, samþykkt þann 17. mars 2016,  
um að komið verði upp upplýsingavef fyrir almenning varðandi öldrun og aldraða**

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra starfar á grundvelli 4. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum. Nefndin skal samkvæmt 5. gr. laganna vera ráðherra og ríkisstjórn til ráðuneytis um málefni aldraðra og vera tengiliður milli ráðuneyta, stofnana og samtaka sem starfa að málefnum aldraðra.

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra leggur til að komið verði upp upplýsingavef fyrir almenning varðandi öldrun og aldraða, þar skuli vera að finna margvíslegar upplýsingar um málaflokkinn, fyrirkomulag hans og hlutverk og þjónustu einstakra aðila á þessu sviði.

Nefndin hefur fjallað um verkefnið á nokkrum fundum sínum og fól nefndarmönnum Hauki Ingibergssyni, formanni LEB, og Rannveigu Einarsdóttur, sviðsstjóra Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar, að þróa málið frekar, m.a. í samráði við Gyðu Hjartardóttur, starfsmann Sambands íslenskra sveitarfélaga, en stór hluti af þjónustu við eldri borgara er á vegum sveitarfélaga.

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra beinir því til velferðarráðuneytisins að ráðuneytið feli Landssambandi eldri borgara umsjón með upplýsingavefnum, sem í stað þess að byggja upp nýjan vef, semji við Þjóðskrá Íslands um að vefurinn verði hluti af vefnum island.is þar sem nú þegar er mikið af gagnlegu efni um málaflokkinn. Hugmyndin hefur verið kynnt Þjóðskrá Íslands sem tekur henni vel, jafnframt því sem Landssamband eldri borgara er fylgjandi hugmyndinni.